



Mat á starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva ÍTH vorið 2014

© Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Efnisyfirlit

Yfirlit yfir fylgiskjöl.....	4
Yfirlit yfir töflur	4
Yfirlit yfir myndir.....	4
Inngangur	5
Markmið matsins.....	5
Megin matsspurningar.....	5
Uppbygging skýrslunnar	6
Meginniðurstöður	7
Stefna og stjórnun.....	7
Innra starf	7
Samstarf.....	8
Húsnæði og aðbúnaður.....	8
Matsþættir og viðmið	9
Aðferð og framkvæmd mats.....	12
Stefnumótun og stjórnun	13
Viðhorf starfsfólk	13
Starfslýsingar.....	14
Viðhorf foreldra.....	15
Innra starf	16
Hugmyndafræði og fagþróun	16
Barna- og unglíngalýðræði.....	16
Líðan barna og unglínga.....	17
Stoðþjónusta	17
Viðhorf starfsfólks.....	18
Viðhorf unglínga	19
Viðhorf foreldra.....	20
Samstarf.....	22
Samstarf við skóla	22
Samstarf við foreldra.....	22

Samstarf við aðrar stofnanir	24
Aðbúnaður og húsnæði.....	26
Tillögur rannsakenda til úrbóta	29
Rituð gögn frá ÍTH.....	32
Heimildir	32

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1. Yfirlit yfir hagsmunaaðila og gagnasöfnun	12
Tafla 2. Styrkleikar og veikleikar sem lúta að stjórnun og stefnumótun	15
Tafla 3. Styrkleikar og veikleikar innra starfs	21
Tafla 4. Styrkleikar og veikleikar varðandi samstarf	25
Tafla 5. Yfirlit yfir starfsstöðvar og fjölda barna	26
Tafla 6. Styrkleikar og veikleikar varðandi aðbúnað og húsnæði	28

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1. Hlutfall starfsfólks sem var sammála eða mjög sammála ofangreindum fullyrðingum sem lúta að stefnumótun og stjórnun.....	13
Mynd 2. Hlutfall starfsfólk sem var sammála eða mjög sammála ofangreindum fullyrðingum skipt eftir starfsstöðum.	18
Mynd 3. Hve oft sækir þú félagsmiðstöðina þína?.....	19
Mynd 4. Hlutfall unglunga sem voru sammála eða mjög sammála ofangreindum fullyrðingum um starf félagsmiðstöðva	20
Mynd 5. Hlutfall foreldra barna á frístundaheimilum sem voru sammála eða mjög sammála ofangreindum fullyrðingum um innra starfið.....	23
Mynd 6. Þættir sem foreldrar töldu mega bæta eftir fjölda athugasemda í opnum svörum.....	24

Yfirlit yfir fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Spurningakönnun A til starfsfólks - heildarniðurstöður.....	33
Fylgiskjal 2 Spurningakönnun B til unglunga - heildarniðurstöður.....	34
Fylgiskjal 3 Spurningakönnun C- foreldrakönnun borin saman við niðurstöður 2012.....	35
Fylgiskjal 4 Starfslýsing tómskundaleiðbeinenda í félagsmiðstöð	36
Fylgiskjal 5 Starfslýsing tómskundaleiðbeinenda í frístundaheimili	37
Fylgiskjal 6 Starfslýsing stuðningsfulltrúa á frístundaheimili	38
Fylgiskjal 7 Starfslýsing verkefnastjóra tómskundamiðstöðvar	39

Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum ytra mats á þjónustu frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn og félagsmiðstöðva fyrir 10-16 ára börn í Hafnarfirði. Í starfsskrá tómstundamiðstöðva kemur fram að meta skuli viðfangsefni, verkefni og gæði þjónustunnar meðal annars með ytra mati. Íprótta- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar (ÍTH) fór þess á leit við rannsakendur við Menntavísindasvið HÍ að taka að sér framkvæmd matsins og skrifa skýrslu. Gagnasöfnun fór fram í febrúar, mars og apríl 2014.

Hafnarfjarðarbær rekur sjö tómstundamiðstöðvar sem hafa yfirumsjón með starfsemi alls átta frístundaheimila og sjö félagsmiðstöðva. Starfsfólk telur um 120 manns: 63 starfsmenn starfa á frístundaheimilum og 58 starfsmenn á félagsmiðstöðvum. Deildarstjórar ÍTH á skrifstofu tómstundamála eru tveir.

Árið 2011 tók ÍTH yfir rekstur frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn sem áður féllu undir grunnskólana og nefndust heilsdagsskólar. Áfram eru frístundaheimilin rekin í húsnaði skólanna en verkefnastjóri hvernar tómstundamiðstöðvar ber nú ábyrgð á daglegum rekstri og faglegri umsjón bæði frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. Frístundaheimilin eru starfrækt við alla grunnskólana og bjóða upp á tómstundastarf fyrir börn úr 1.-4. bekk. Skólaárið 2013-14 var hlutfallsleg þátttaka barna eftirfarandi: 87% barna úr 1. bekk, 64% barna úr 2. bekk, 37% barna úr 3. bekk og 2% barna úr 4. bekk. Félagsmiðstöðvar bjóða upp á opið starf þrjú kvöld í viku fyrir unglunga úr 8.-10. bekk, ásamt því að opið er í frímínútum. Opið hús fyrir börn úr 5.-7. bekk er einu sinni í viku. Að auki er starfrækt sértækt hópastarf fyrir unglunga sem standa höllum fæti.

Í stýrihópi matsins sátu fulltrúar helstu hagsmunaaðila. Í hópnum voru auk rannsakenda: Geir Bjarnason, æskulýðs- og forvarnarfulltrúi ÍTH, Andri Ómarsson, verkefnastjóri á skrifstofu tómstundamála, Kristín Thoroddsen, fulltrúi foreldra, Jónína Ósk Ingólfssdóttir, fulltrúi starfsmanna og Hafdís Einarsdóttir, fulltrúi unglunga. Stýrihópur fundaði tvisvar sinnum áður en gagnaöflun hófst, skilgreindi markmið matsins og skipulagði gagnasöfnun með rannsakendum. Þá fundaði hópurinn einu sinni að gagnasöfnun lokinni og fór yfir helstu niðurstöður matsins.

Markmið matsins

Markmið matsins var að afla upplýsinga um sérkenni og stöðu þjónustunnar út frá sjónarhorni starfsfólks, foreldra, barna og unglunga. Einnig voru skoðuð fyrirliggjandi gögn frá bæjarfélaginu, eins og starfsáætlanir, starfsskrár, starfslýsingar og tölulegar upplýsingar um starfsemina. Áhersla var lögð á að draga fram styrkleika og sóknarfæri, þ.e. hvernig bæta megi starfið í þágu barna og unglunga.

Megin matsspurningar

1. Er unnið samkvæmt markmiðum og stefnu ÍTH að mati barna, unglunga, starfsfólks og foreldra?
2. Telja starfsmenn að þeir styðji við eða sinni óformlegu námi í daglegu starfi og stuðli að félagsfærni barna og unglunga?

3. Hver eru viðhorf barna/unglinga og foreldra til þjónustunnar?
4. Hver eru viðhorf starfsfólks og foreldra til rekstrarforms og stjórnunarháttanna félagsmiðstöðva og frístundaheimila?

Uppbygging skýrslunnar

Skýrslan er þannig uppbyggð að fyrst er gert grein fyrir helstu niðurstöðum matsins. Eftir það er sagt frá matsþáttum og viðmiðum matsins, þá er farið yfir aðferðafræði og framkvæmd gagnasöfnunar og því næst fjallað um niðurstöður matsins. Niðurstöðukaflarnir eru fjórir og dregur hver kafli fram greiningu á hverjum matsþætti fyrir sig. Matsþættirnir voru að sama skapi fjórir: *Stefnumótun og stjórnun, innra starf, samstarf og aðbúnaður og húsnæði*. Í fylgiskjöllum 1-3 má finna heildarniðurstöður þeirra þriggja spurningakannanna sem framkvæmdar voru.

Meginniðurstöður

Í þessum kafla verður sagt frá meginniðurstöðum matsins á starfsemi tómstundamiðstöðva ÍTH. Einnig koma fram tillögur rannsakenda um úrbætur, en frekari tillögur koma fram í loka kafla skýrslunnar.

Stefna og stjórnun

ÍTH hefur mótað skýra stefnu varðandi starfsemi tómstundamiðstöðvanna, þ.e. félagsmiðstöðva og frístundaheimila. Lögð er áhersla á að bjóða börnum og unglingum að taka þátt í jákvæðu og uppbyggilegu starfi í frítíma sínum þar sem félags-, forvarnar- og uppeldisgildi eru höfð að leiðarljósi. Sú stefna birtist í starfsskrám félagsmiðstöðva og frístundaheimila, í starfsáætlun og handbók frístundaheimila. Starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva taldi sig almennt þekkja stefnuna og vita til hvers væri af þeim ætlast í starfi. Þó telja rannsakendur að móta þurfi frekari verkferla, til dæmis varðandi áföll á starfsstað og einelti.

Starfsmannafundir eru haldnir aðra hvora viku í félagsmiðstöðvum en eingöngu eru haldnir einn til tveir starfsmannafundir á önn á frístundaheimilum. Fjölga þarf starfsmannafundum frístundaheimila til að stuðla að faglegri ígrundun og umræðu um skipulag starfsins. Auk þess þarf að tryggja öflugri móttöku og þjálfun fyrir nýja starfsmenn. Ein leið væri að taka upp mentora-kerfi þar sem reyndari starfsmaður væri nýliða innan handar fyrstu vikunnar.

Niðurstöður benda til þess að of miklar kröfur séu gerðar til verkefnastjóra tómstundamiðstöðva og að þeim sé ætlað að sinna of mörgum verkefnum. Mat rannsakenda er að verkefnastjórar tómstundamiðstöðva nái ekki að hafa faglega umsjón með þessum tveimur starfseiningum við núverandi starfsaðstæður. Í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum ÍTH starfar ungt fólk sem fæst hefur faglega þekkingu eða mikla reynslu af barna- eða unglingastarfi. Slíkur hópur kallar á mikla faglega leiðsögn og að stjórnandi sé til staðar sem góð fyrirmynd í starfi. Núverandi starfsumhverfi verkefnastjóra hamlar því að þeir nái að sinna þessu hlutverki svo vel sé. Taka þarf mið af barnafjölda og móta viðmið um störf og fjölda millistjórnenda á hverjum stað.

Mikil starfsmannavelta er á frístundaheimilum og á meðal verkefnastjóra og ljóst má telja að slíkt viðvarandi ástand vinnur gegn framþróun og fagmennsku. Mikilvægt er að móta stefnu og gera áætlun um að breyta þessu.

Innra starf

Jákvætt er að áherslur ÍTH, sem fram koma í starfsskrám, endurspeglast víða í daglegu starfi bæði félagsmiðstöðva og frístundaheimila. Niðurstöður matsins benda til að starf félagsmiðstöðva einkennist af ákveðnum stöðugleika og að starfsfólki þar gangi betur að starfa eftir stefnu ÍTH en starfsfólki frístundaheimila. Mikil starfsmannavelta og forföll starfsfólks frístundaheimila stendur innra starfi fyrir þrifum. Starfsfólk frístundaheimila taldi sig ennfremur ekki vinna eins markvisst að félagsfærni barna og starfsfólk félagsmiðstöðva. Vaxandi ánægja foreldra með starf frístundaheimila bendir þó til að þróun starfsins sé á réttri leið, um 60% foreldra sögðust vera ánægðir eða mjög ánægðir með frístundaheimilið miðað við 51% árið 2012. Engu að síður töldu einungis 34% foreldra að í frístundaheimilum fari

fram mikilvægt uppeldisstarf og meirihluti foreldra töldu að efla þyrfti fagþekkingu starfsfólks. Því er ljóst að taka þarf frekari skref til að efla innra starf frístundaheimila, meðal annars er nauðsynlegt að fjölga uppeldismenntuðu starfsfólki og auka stöðugleika starfsmannahópsins. Lítið er um að starfsfólk taki þátt í skipulögðum umbóta- eða þróunarverkefnum. Því eru sóknarfæri hjá ÍTH að styðja við möguleika verkefnastjóra og starfsfólks til að koma á laggirnar verkefnum sem lúta að fagþróun. Efla þarf stoðþjónustu við börn með fötlun og skoða sérstaklega þjónustu ÍTH fyrir unglunga með fötlun.

Samstarf

Tómstundamiðstöðvar eiga í mikilvægu samstarfi við skóla, enda eru frístundaheimili og félagsmiðstöðvar ÍTH alla jafna reknar í húsnæði skóla. Á nokkrum starfsstöðum gætir óánægju með samstarf við skóla, sem birtist í því að erfitt reynist að fá viðunandi húsnæði og aðbúnað innan skóla, og starfsfólk upplifði í þeim tilvikum að starfsemin væri „annars flokks“. Mat rannsakenda er að markvisst verði að efla samstarf skóla og ÍTH með það að markmiði að börnum og unglungum sé veitt heildstæð og skilvirk þjónusta.

Foreldrakönnun sýndi aukin jákvæð viðhorf foreldra í garð frístundaheimila, en betur má ef duga skal. Foreldrar eru mikilvægir málsvavar barna sinna og nauðsynlegt að hlustað sé á þeirra raddir. Um 18% foreldra telja að barninu sínu líði ekki vel á frístundaheimilinu, sem vekur áhyggjur. Þá komu fram ýmsar ábendingar um hvernig efla mætti starfið að mati foreldra. Leggja má frekari rækt við foreldrasamstarf innan frístundaheimila. Til að efla upplýsingaflæði mætti setja fréttir og upplýsingar um innra starf, s.s. vikuplan, inn á heimasíður frístundaheimilanna. Þá mætti skipuleggja fleiri foreldrafundi þar sem verkefnastjóri og starfsfólk kynna innra starfið og bjóða upp á umræðu um hvað gengur vel og hvað mætti betur fara. Samstarf við íþróttafélög og aðrar æskulýðsstofnanir má efla ennfrekar, s.s. varðandi æfingartíma yngstu barnanna og þátttöku í skipulögðu tómstundastarfi.

Húsnæði og aðbúnaður

Matið leiddi í ljós að huga þarf betur að húsnæðismálum og aðbúnaði félagsmiðstöðva og frístundaheimila ÍTH. Dæmi voru um góða aðstöðu, en í flestum frístundaheimilum er of mörgum börnum ætlað að nýta sama rýmið og lítil möguleiki á að skapa ró og næði. Að sama skapi var félagsmiðstöðvum oft sniðinn þröngur stakkur. Ekki síst var lítil aðstaða fyrir unglungana til félagsstarfs í frímínútum og á skólatíma. Skrifstofuaðstaða sumra verkefnastjóra telst varla boðleg miðað við ábyrgð og umfang starfsins, en á mörgum stöðum var skrifstofuaðstaðan jafnframt meginrými félagsmiðstöðvar þar sem unglungarnir komu saman. Húsnæði og aðstaða félagsmiðstöðva og frístundaheimila virðast breytast eftir því sem þarfir skólasterfsins kalla á. Brýnt er að skoða þessi mál með langtíma lausnir í huga og skapa starfseminni ásættanlega umgjörð á öllum starfsstöðum.

Matsþættir og viðmið

Í þessum kafla er gerð grein fyrir helstu matsþáttum og viðmiðum sem rannsakendur höfðu til hliðsjónar. Fyrst bera að geta þess að æskulýðsstarf með börnum og unglingum fellur undir æskulýðslög nr. 91/2007. Ekki er minnst sérstaklega á starfsemi frístundaheimila eða félagsmiðstöðva, en fram kemur að lögin gildi meðal annars um „æskulýðsstarf á vegum ríkis og sveitarfélaga og í skólum“ (Æskulýðslög nr. 2007, 1. gr.). Í lögnum segir:

Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Í öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku (Æskulýðslög nr. 2007, 1. gr.).

Þar af leiðandi var rík áhersla lögð á að skoða markmið og faglegar áherslur starfsins. Einnig beindu matsaðilar sérstaklega sjónum að því að afla upplýsinga um með hvaða hætti börn og unglingar væru hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Stýrihópur veitti jafnframt mikilvægar upplýsingar um áherslur sem hagsmunaaðilar töldu miklu skipta.

Stefna og stjórnun

Starfsskrá ÍTH kom fyrst út árið 2003 og er ætlað að vera stefnumiðandi rit og lýsa markmiðum starfseminnar, leiðum að markmiðum og framtíðarsýn. Í starfsskránni kemur fram eftirfarandi meginmarkmið með rekstri félagsmiðstöðva og frístundaheimila:

ÍTH gefur börnum og unglingum tækifæri til að taka þátt í jákvæðu og uppbyggilegu starfi í frítíma sínum þar sem félags-, forvarna-, og uppeldisgildi er haft að leiðarljósi (ÍTH, 2013).

Starfsskráin er alla jafna uppfærð á þriggja ára fresti og var endurútgefin árið 2013. Þá kom starfsskrá frístundaheimila einnig út í fyrsta sinn árið 2013. Í starfsáætlun ÍTH 2014 kemur fram að stefnt sé að því að 80% unglunga og forráðamanna séu ánægð með þjónustuna. Ennfremur er tilgreint að stefnt sé að því að 90% starfsfólks sé ánægt með starfsumhverfi. Helstu þættir sem horft er til í matsskýrslunni og lúta að stefnu og stjórnun eru:

- Stefna Hafnafjarðarbæjar: markmið, hugmyndafræði og skipulag starfsins
- Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar og stoðþjónusta
- Stjórnun og upplýsingaflæði

Innra starf: Tómskundastarf og óformlegt nám

Í skipulögðu tómskundastarfi gefst börnum og unglingum kostur á að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum undir leiðsögn fullorðinna starfsmanna og vitað er að þátttaka í slíku starfi hefur jákvæð áhrif á þroska, heilsu og velferð barna og unglunga (Leitner og Leitner, 2012; Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010). Nýleg íslensk rannsókn sýndi t.a.m. að þátttaka í starfi frístundaheimila gefur börnum tækifæri til að leika við vini, efla félagsfærni og taka þátt í fjölbreyttum verkefnum undir leiðsögn starfsfólks (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2012). Ennfremur benda rannsóknir til þess að þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi sé mikilvægur vettvangur fyrir unglunga til óformlegs náms (Árni Guðmundsson, 2010) og að unglingar telji sig læra mikið af því að taka þátt í starfi félagsmiðstöðva (Eygló Rúnarsdóttir, 2011). Að sama skapi benda

rannsóknir til þess að þátttaka í starfi félagsmiðstöðva hafi forvarnargildi gegn áhættuhegðun (Álfgeir L. Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Hrefna Pálsdóttir, 2012). Til að ná fram þessum jákvæðu þáttum skiptir miklu máli að starfsfólk búi yfir faglegri hæfni og þekkingu til að móta starfið með börnum og unglingum (Meyvant Þórólfsson, Allyson Macdonald og Eggert Lárusson, 2007; Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2011). Starfsfólk þarf meðal annars að búa yfir þekkingu á gildi og ferli óformlegs náms og kunna að nýta umhverfi, aðstæður og mannauð til að virkja einstaklinga til þátttöku.

Í matinu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti sem lúta að innra starfi:

- Starfsfólk – hlutverk, líðan, stuðningur, starfsandi og samstarf
- Börn og unglingar – þátttaka, líðan, þarfir og lýðræði
- Starfshættir, starfsþróun og fagmennska
- Umbótaaðgerðir/þróunarstarf

Samstarf

Meðal þess sem getið er í framtíðarsýn ÍTH er að efla skuli enn betur samstarf þeirra sem koma að æskulýðsstarfi og að auka eigi samstarf milli félagsmiðstöðva og annarra starfssviða ÍTH. Í matsskýrslunni er horft til þess að þverfaglegt samstarf getur leitt til þess að börn og ungmenni fái heildstæðari og betri þjónustu (Höjholt, 2001). Þannig skiptir máli að samstarf sé haft við skóla, félagsþjónustu og aðrar stofnanir og/eða félagastarfsemi sem skipuleggja æskulýðsstarf. Fræðimenn hafa sýnt fram á gildi foreldrasamstarfs bæði þegar kemur að því að sinna forvörnum í félagsmiðstöðvum (Miller-Day, 2008) og til að koma betur til móts við þarfir barna á frístundaheimilum. Samkvæmt könnun sem ÍTH framkvæmdi árið 2012 sögðust um 51% foreldra ánægð eða mjög ánægð almennt með frístundaheimili ÍTH. Í þessu mati var lögð áhersla á eftirfarandi þætti sem lúta að samstarfi:

- Samstarf við skóla
- Samstarf við foreldra
- Ytri tengsl – samstarf við nærsamfélagið: íþróttafélög, skóla, tónlistarskóla og kirkju

Aðbúnaður og húsnæði

Í íslenskum lögum er hvergi fjallað um húsnæði félagsmiðstöðva né frístundaheimila. Þó segir í æskulýðslögum að „[s]tandi ríki, sveitarfélag eða aðrir aðilar fyrir starfsemi sem fellur undir lög þessi skal þess gætt að hún uppfylli lög og reglur um aðgengi, aðstöðu, hollustuhætti og öryggisþætti“ (Æskulýðslög, nr. 70 2007, 10. gr). Aðstaða félagsmiðstöðva skiptir máli að mati íslenskra unglunga, meðal annars að þar sé gott pláss fyrir stóra hópa (Eygló Rúnarsdóttir, 2011). Unglingar telja einnig mikilvægt að hafa aðgang að tækjum og tólum sem flestir unglingar hafi ekki aðgang að á heimilum sínum, líkt og pool-borðum, borðtennisborðum, billiardborðum og tækjum til tónlistarflutnings (Eygló Rúnarsdóttir, 2011). Í Handbók starfsmanna félagsmiðstöðva ÍTH (2013) kemur fram að:

Tryggja skal að vinnueftirlit, heilbrigðiseftirlit og eldvarnareftirlit taki út húsnæði og aðbúnað á hverjum stað. Framfylgja skal lagaákvæði frá ofangreindum aðilum og öðrum opinberum aðilum.

Í Danmörku er gerð krafa um að húsnæði frístundaheimila henti starfinu og þess krafist að reglulega sé húsnæði og aðstaða metin með hliðsjón af því hvernig það hentar uppeldislegu starfi og hvaða áhrif aðstaðan hefur á líðan og upplifun barnanna (Dagtilbudsloven, nr. 1240 af 29/10/ 2013). Þeir þættir sem helst var horft til varðandi húsnæði voru:

- Aðstaða barna/unglinga í daglegu starfi
- Aðstaða starfsfólks
- Ráðstöfun fjármagns, mannauðs og búnaðar

Aðferð og framkvæmd mats

Notaðar voru fjölbreyttar aðferðir við að safna upplýsingum vegna matsins. Spurningalistar voru lagðir fyrir starfsfólk, foreldra og unglunga. Um var að ræða viðhorfskannanir sem framkvæmdar voru af skrifstofu tómsundamála í samstarfi við rannsakandur. Rýnihópafundir voru haldnir með starfsfólki, annarsvegar starfsfólki félagsmiðstöðva og hinsvegar frístundaheimila. Viðtöl voru tekin við sjö verkefnastjóra tómsundamiðstöðvanna. Rannsakendur heimsóttu alla starfsstaði og skoðuðu húsnæði og hittu börn og starfsfólk félagsmiðstöðva og frístundaheimila að störfum. Þá var skoðað með hvaða hætti stefna ÍTH birtist í skriflegum gögnum, s.s. starfskrám félagsmiðstöðva og frístundaheimila, starfsáætlun 2014, og handbókum.

Spurningalistarnir voru framkvæmdir rafrænt með kannanaforritinu Survey Console. *Spurningalisti A* til starfsfólks var sendur á netföng 129 starfsmanna í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum. Alls bárust 69 svör sem er um 54% svarhlutfall. *Spurningalisti B* var ætlaður unglungum félagsmiðstöðva og áhersla lögð á unglunga úr 8., 9. og 10. bekk, og bæði til unglunga sem sækja félagsmiðstöðina og þeirra sem ekki sækja hana. Verkefnastjórar settu inn rafræna slóð á könnunin á Facebook hópasíður unglunganna og hvöttu unglunga til þátttöku. Bárust 163 svör unglunga. Þá báðu verkefnastjórnarnir unglunga á skólatíma um að gefa sér tíma til að svara könnuninni. *Spurningalisti C* var ætlaður foreldrum barna á frístundaheimilum og byggði að hluta á sambærilegri könnun frá 2012. Könnunin var send á netföng 1.300 foreldra (beggja forráðamanna ef þau voru skráð) og bárust 314 svör.

Tafla 1. Yfirlit yfir hagsmunaaðila og gagnasöfnun


Hagsmunaaðilar	Gagnasöfnun
Starfsfólk frístundaheimila	Rýnifundur - 7 starfsmenn tóku þátt Spurningalisti A – 42 starfsmenn tóku þátt
Starfsfólk félagsmiðstöðva	Rýnifundur – 7 starfsmenn tóku þátt Spurningalisti A – 27 starfsmenn tóku þátt
13-15 ára unglingar	Vettvangsheimsóknir í félagsmiðstöðvar Spurningalisti B – 163 unglingar tóku þátt
6-9 ára börn á frístundaheimilum	Vettvangsheimsóknir í frístundaheimili
Verkefnastjórar tómsundamiðstöðva	7 viðtöl
Foreldrar	Spurningalisti C – 314 foreldrar tóku þátt
Stjórnendur ÍTH	<u>Skrifleg gögn:</u> Stefnumótun Starfsáætlanir Skýrslur starfsstaða Töluleg gögn Heimasíður

Stefnumótun og stjórnun

Stefna ÍTH um tómstundamiðstöðvar, þ.e. rekstur félagsmiðstöðva og frístundaheimila, er skýr og birtist í starfsskrám og starfsáætlun. Lögð er áhersla á að bjóða börnum og unglingum að taka þátt í jákvæðu og uppbyggilegu starfi í frítíma sínum þar sem félags-, forvarnar-, og uppeldisgildi er haft að leiðarljósi. Hlutverk frístundaheimila er samkvæmt stefnu ÍTH að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf fyrir 6-9 ára börn eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur og þar til kl. 17:00 alla virka daga. Félagsmiðstöðvar fyrir börn og unglinga í 5.-10. bekk starfa við alla grunnskóla í Hafnarfirði og eru að jafnaði opnar þrjú kvöld í viku. Aðaláherslan er á fjölbreytt og skemmtilegt starf fyrir unglinga í 8.-10. bekk en boðið er uppá starf fyrir 5.-7. bekk einu sinni í viku. Skrifstofa tómstundamála í Hafnarfirði er með sérstaka heimasíðu þar sem fram koma hagnýtar upplýsingar um starfsemina, meðal annars starfsskrá félagsmiðstöðva og starfsskrá frístundaheimila.

Viðhorf starfsfólk

Mynd hér fyrir neðan sýnir viðhorf starfsfólks til ýmissa þátta sem snerta stefnumótun og stjórnun, og gefa vísbendingar um hvar styrkleikar og veikleikar stjórnunar liggja frá sjónarhorni starfsfólks.



Mynd 1. Hlutfall starfsfólks sem var sammála eða mjög sammála ofangreindum fullyrðingum sem lúta að stefnumótun og stjórnun.

Niðurstöður benda til þess að stefnumótun sé að mörgu leyti skýr, þar sem yfirgnæfandi meiri hluti starfsmanna eða um 98% starfsfólks telur sig vita til hvers sé ætlast af sér í starfi. Meirihluti starfsfólks upplifir góðan stuðning yfirmanna og telur sig þekkja stefnu ÍTH. Nokkur munur kom í ljós á svörum eftir starfsstöðum, en 73,9% starfsfólks frístundaheimila

taldi sig fá góðan stuðning miðað við 81,5% starfsfólks félagsmiðstöðva. Niðurstöður benda hinsvegar til þess að stjórnendur þurfi að huga betur að húsnæðis- og aðstöðumálum og að því að efla umbóta- og þróunarstarf. Niðurstöður benda einnig til þess að stjórnendur ÍTH þurfi að huga að móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna, en 27% starfsmanna eru *ósammála* því að þeir hafi fengið góða þjálfun þegar þeir hófu störf og 22% þeirra tóku ekki afstöðu.

Í rýnihópum starfsfólks kom fram að mjög hefði dregið úr fræðslutilboðum til starfsfólks frá því fyrir hrún. Starfsfólk benti á að það þyrfti meiri fjölbreytni og að þörf væri á sérhæfðari fræðslu, meðal annars fyrir verkefnastjóra. Til að mynda nefndi einn verkefnastjóri að erfitt væri að leiðbeina stuðningsfulltrúum í vinnu þeirra með börnum með sérþarfir þegar verkefnastjórinn sjálfur vissi lítið um röskunina/fötulunina og hefði ekki þekkingu á þeim starfsaðferðum sem best er að beita í vinnu með þessum börnum.

Þörf fyrir millistjórnendur

Verkefnastjórar tólmstundamiðstöðva bera ábyrgð á rekstri bæði félagsmiðstöðvar og frístundaheimilis. Gögn sýna að verkefnastjórar ná ekki að taka þátt í daglegu starfi frístundaheimila né félagsmiðstöðva í nægilega miklum mæli. Allir verkefnastjórnarnir telja mikilvægt að hægt sé að ráða inn millistjórnendur sem axli aukna ábyrgð og hafi yfirsýn í þeirra fjarveru. Í rýnihópum starfsfólks bæði félagsmiðstöðva og frístundaheimila kom fram að þau finna fyrir miklu álagi á verkefnastjóra og að hann væri ekki oft þátttakandi í daglegu starfi. Dæmi voru um að starfsfólk axlaði aukna ábyrgð og gengi í störf verkefnastjóra. Hætta er á að verkefnastjórar brenni út við þau starfsskilyrði sem þeir búa við í dag og ÍTH getur þannig misst hæft starfsfólk. Sífelld þjálfun nýrra verkefnastjóra ýtir ekki undir þann stöðugleika sem æskilegt er að einkenni starfsumhverfið.

Starfslýsingar

Árið 2013 voru útbúnar starfslýsingar tólmstundaleiðbeinenda í félagsmiðstöð (fylgiskjal 4) og starfslýsingar tólmstundaleiðbeinenda á frístundaheimili (fylgiskjal 5). Þar koma fram helstu hlutverk og verkefni starfsfólks. Starfslýsing er kynnt í upphafi ráðningar og aðgengileg starfsfólki á sameiginlegu netsvæði ÍTH. Þar kemur meðal annars fram að starfsfólk skuli hafa stúdentspróf og búa yfir reynslu af starfi með börnum og unglíngum. Æskilegt er að starfsfólk sé stundvíst og búi yfir skipulagshæfni, sýni frumkvæði og geti unnið sjálfstætt. Gerð er krafa um hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur. Sömu almennu viðmið gilda um stuðningsfulltrúa á frístundaheimilum (sjá fylgiskjal 6).

Verkefnastjóri stýrir, samkvæmt starfslýsingu (sjá fylgiskjal 7), daglegu starfi tólmstundamiðstöðvar sem er bæði frístundaheimili og félagsmiðstöð. Gerð er krafa um að stjórnendur hafi lokið þriggja ára háskólaprófi á sviði uppeldisfræða, tólmstundafræða eða sambærilegu. Samkvæmt mannauðsstefnu Hafnarfjarðarbæjar skal tekið starfsmannasamtal við alla starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar árlega. Í viðtölum við verkefnastjóra tólmstundamiðstöðva kom fram óánægja með að þau voru skikkuð til að eiga starfsmannasamtöl við sína starfsmenn sem var tímafrekt verkefni. Ástæða óánægjunnar var einkum sú að þeir töldu sig illa undirbúna undir slíkt og að það væri ekki í þeirra verkahring, samkvæmt starfslýsingu, að taka starfsmannasamtöl.

Viðhorf foreldra

Niðurstöður spurningakönnunar á viðhorfum foreldra sýndu að fjórðungur foreldra er ósáttur við greiðslufyrirkomulag. Um 65% foreldra barna á frístundaheimilum töldu sig fá nægar upplýsingar um dagskrá. Aðeins 48% foreldra töldu að aðgengi þeirra að stjórnendum frístundaheimilis væri gott eða mjög gott, 18% foreldra tóku ekki afstöðu og 7% foreldra töldu aðgengi að stjórnendum væri slæmt eða mjög slæmt. Í spurningakönnun til foreldranna var kom fram að 65,5% foreldra voru sammála því að boðið væri upp á heimanám og í opnum svörum lögðu margir foreldrar áherslu á að þeir teldu æskilegt að boðið væri upp á aðstöðu til heimanáms á frístundaheimilunum (sjá nánar í kafla um innra starfið).

Tafla 2. Styrkleikar og veikleikar sem lúta að stjórnun og stefnumótun

Styrkleikar	Veikleikar
Skýr stefna um markmið og hugmyndafræði	Of mörg verkefni hvíla á herðum verkefnastjóra tólmstundamiðstöðva
Starfsskrár skýrar og aðgengilegar á heimasíðu	Nokkuð tíð starfsmannaskipti í verkefnastjórahópnum (16 manns hafa gegnt þessum sjö stöðum 2011-2014)
Meirihluti starfsmanna upplifir góðan starfsanda á vinnustaðnum	11% starfsfólks frístundaheimila eru ósammála því að á vinnustaðnum sé góður starfsandi, samanborið við 7% starfsfólks félagsmiðstöðva
Alla jafna góð samskipti við yfirmenn	Of fáir starfsmannafundir eru haldnir á frístundaheimilum
Starfsfólk telur sig vita til hvers er ætlast af þeim	Tíð starfsmannaskipti og mikið um forföll innan frístundaheimila
Daglegur undirbúningstími á frístundaheimilum nýtist vel	Starfsfólk félagsmiðstöðva taldi sig hafa fremur lítinn undirbúningstíma
Verkferlar vegna stuðnings á frístundaheimilum í vinnslu	Verkferlar vegna áfalla og eineltis ekki til staðar
Nýliðafræðsla ávallt í boði fyrir alla starfsmenn	Huga þarf að meiri fjölbreytni í fræðslu og eftirfylgni við fræðslu

Innra starf

Gögnin gefa til kynna að áherslur ÍTH sem fram koma í starfsskrám endurspeglar víða í daglegu starfi bæði félagsmiðstöðva og frístundaheimila. Gögnin benda til að munur sé á innra starfi félagsmiðstöðva annarsvegar og frístundaheimila hinsvegar.

Hugmyndafræði og fagþróun

Samkvæmt stefnu ÍTH er lögð áhersla á menntunar-, forvarnar- og afþreyingargildi tómskundastarfs sem boðið er upp á á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Hvergi er beinlínis talað um óformlegt nám í stefnu ÍTH um frístundaheimili eða félagsmiðstöðvar. Í rýnihópum starfsfólks frístundaheimila kom fram að áhersla væri lögð á að börnunum þætti gaman og að þau væru í öruggu umhverfi. Á öllum frístundaheimilunum útbýr verkefnastjóri vikuplan í samráði við starfsfólk þar sem kemur fram hvað er í boði á hverjum degi. Mest áhersla er lögð á frjálsa leikinn og skipulag valsvæða, en einnig skipuleggur starfsfólk klúbba sem börn geta skráð sig í. Starfsfólk félagsmiðstöðva ræddi um að starf þeirra fælist fyrst og fremst í því að ná til unglunga sem væru ekki mikið í öðru skipulögðu tómskundastarfi, efla félagsfærni þeirra og samskiptahæfni. Þau litu á sig sem fyrirmyndir unglunganna og töldu mikilvægt að vera til staðar og sýna unglöngunum áhuga.

Ekki virtist vera mikið af sérstökum fagþróunar- eða umbótaverkefni í gangi á starfsstöðum ÍTH. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu tómskundamála hófst árið 2013 vinna við innleiðingu SMT (skólafærni) í starf frístundaheimila til að samræma vinnubrögð og reglur í skóla og á frístundaheimili. Í félagsmiðstöðvum hefur verið í gangi þróunarverkefni um að efla sértækt hópstarf fyrir ungmenni sem standa höllum fæti. Ennfremur er í gangi yfirstandandi vinna við endurskoðun starfsskrár félagsmiðstöðva, og stendur til að efla ennfremur handbók starfsmanna í félagsmiðstöðvum. Þá er unnið að því að þróa matsteymi vegna barna með sérþarfir.

Barna- og unglíngalýðræði

Samkvæmt stefnu ÍTH skal lögð áhersla á barna- og unglíngalýðræði í starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Matið leiddi í ljós að meiri áhersla er á unglíngalýðræði í félagsmiðstöðvum en á barnalýðræði í frístundaheimilum. Tæplega 82% unglínga töldu að unglíngar gætu haft áhrif á dagskrá félagsmiðstöðvar. Þó hafa börn á frístundaheimilum val um viðfangsefni, en formleg aðkoma barna að því að móta og hafa áhrif á dagskrá er lítil. Starfsfólk frístundaheimila talaði um að hlustað væri eftir skoðunum barnanna, en það væri fremur óformlegt og því væri í raun ekki mjög virkt barnalýðræði í daglegu starfi. Unglíngar í félagsmiðstöðvum taka mun virkari þátt í því að ákveða dagskrána og sjá gjarnan um framkvæmd tiltekinna viðburða. Um 73 unglíngar tóku þátt í starfi nemendaráða sl. skólaár og um 57 unglíngar að auki sátu í ýmsum nefndum og ungmennaráðum á vegum ÍTH, samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu tómskundamála. Lýðræði er ein af meginstöðum frístundastarfs og mikilvægt er að ÍTH leggi áfram áherslu á lýðræðislega starfshætti, bæði í félagsmiðstöðvum og á frístundaheimilum. Meta þarf starfið reglulega út frá lýðræðisáherslum og betrubæta ef þörf er á.

Líðan barna og unglunga

Gögnin benda til að unglingar séu almennt ánægðir með starf félagsmiðstöðvar og líði vel í daglegu starfi. Um 80% unglunga sem svöruðu könnun telja sig ávallt finna eitthvað skemmtilegt að gera í félagsmiðstöðinni og 90% þeirra finnst starfsfólkið taka vel á móti sér (sjá nánar kafla um viðhorf unglunga hér fyrir neðan). Upplýsingar um líðan barna á frístundaheimilum byggja annars vegar á viðhorfum foreldra og hins vegar á viðhorfum starfsfólks. Niðurstöður vekja nokkrar áhyggjur, en um 18% foreldra telja að barninu sínu líði ekki vel á frístundaheimilinu og 22% foreldra telja að barnið sitt sé ekki ánægt á frístundaheimilinu. Á rýnifundi starfsfólks kom fram að sums staðar væri erfitt að skipta barnahópnum í minni hópa vegna aðstöðuleysis. Þá skapast hávaði og áreiti sem veldur meira álagi á börnin. Því bendir matið til að kanna þurfi frekar hvernig 6-9 ára börnum líður á frístundaheimilum ÍTH og hvernig bæta megi frekar líðan þeirra í daglegu starfi.

Stoðþjónusta

Félagsmiðstöðvar og frístundaheimili ÍTH standa opin öllum börnum og unglungum. Samkvæmt stefnu Hafnarfjarðarbæjar um málefni fatlaðs fólks er unnið í anda „skólastarf án aðgreiningar þannig að fatlaðir njóti sem mest kennslu í almennum bekkjardeildum en fái til þess nauðsynlegan stuðning“ (Hafnarfjarðarbær, 2010).

Félagsmiðstöðvar ÍTH bjóða upp á sértækt hópastarf fyrir unglunga í áhættuhópum og/eða unglunga sem standa höllum fæti. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu tólmstundamála tóku 63 unglingar þátt í slíku klúbbastarfi sl. skólaár. Í þeim tilfellum er unglungum boðið að taka þátt í samvinnu við foreldra og skóla og er haldinn fundur með foreldrum þátttakenda til að ræða markmið og kynna starfið. Unglingar sem sækja sértækt hópastarf taka jafnan virkan þátt, að mati starfsfólks, og starfsfólk taldi starfið skila miklum árangri. Í tveimur grunnskólum eru reknar sérdeildir fyrir unglunga með sérþarfir/þroskahömlun. Starfsfólk sem sat rýnihóp félagsmiðstöðva var sammála um að ekki væri mikið um að unglingar með fötlun sæktu opið starf félagsmiðstöðva. Frístundaklúbburinn Kletturinn er frístundaheimili fyrir unglunga úr 5.-10. bekk með fötlun. Veturinn 2013-2014 sóttu fimm börn Klettinn, þar af tvö úr öðru sveitarfélagi. Starfsemi Klettsins er ekki hluti af þessu mati og verður því ekki fjallað um þá starfsemi nánar í þessari skýrslu. Hinsvegar benda niðurstöður til að sérstaklega þurfi að leggja mat á þjónustu ÍTH við unglunga með fötlun í Hafnarfirði.


Í samþykkt um rekstur frístundaheimila sem er í umsagnarferli innan bæjarins segir: “Þjónusta barna með sérþarfir er metin af matsteymi skrifstofu tólmstundamála í samvinnu við verkefnastjóra frístundaheimila, foreldra og viðeigandi samstarfsaðila hverju sinn.“ Að sögn deildarstjóra ÍTH sitja sálfræðingur og tveir þroskaþjálfar í matsteyminu sem starfa á fjölskyldusviði auk starfsmanna á skrifstofu tólmstundamála. Þau eru kölluð til ef sérstakar aðstæður eru og hafa séð um fræðslu fyrir starfsmenn. Við einn grunnskóla bæjarins er rekin sérdeild fyrir börn á einhverfurófi og sækja sum þeirra frístundaheimilið. Ráðnir eru inn stuðningsfulltrúar á frístundaheimilin eftir þörfum á hverjum stað.

Í viðtölum við verkefnastjóra kom fram að ýmist fylgi stuðningsfulltrúar einu barni eða taki þátt í almennu starfi, eftir þörfum. Fram kom að stuðningur á frístundaheimili væri allt annars eðlis en stuðningur í skóla. Jafnvel væru dæmi um börn sem þyrftu stuðning í skóla en ekki á

frístundaheimili, og öfugt. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að stuðningsfulltrúar væru gjarnan ungt fólk án sérþekkingar á fötlun eða hegðunarerfiðleikum barna. Einnig kom fram að stundum væri það mikil mannekla að stuðningsfulltrúar yrðu að ganga í störf almennra starfsmanna. Það skapar stundum erfiðleika og aukið álag í starfi. Í viðtali við verkefnastjóra kom meðal annars fram að æskilegt væri að hægt væri að ráða faglærðan stuðningsaðila á hvert frístundaheimili; að stuðningsfulltrúar fengju aukinn stuðning og fræðslu; að stuðningsfulltrúar þyrftu aukinn undirbúningstíma. Þá veldur einnig álagi að mikil starfsmannavelta er í hópi stuðningsfulltrúa, líkt og hjá öðru starfsfólki frístundaheimila, og þurfa því verkefnastjórar reglulega að þjálfa nýtt fólk í störf.

Viðhorf starfsfólks

Á myndinni hér fyrir neðan er borið saman eftir starfsstöð hve hátt hlutfall starfsfólks var sammála eða mjög sammála eftirfarandi staðhæfingum um innra starfið.




Mynd 2. Hlutfall starfsfólks sem var sammála eða mjög sammála ofangreindum fullyrðingum skipt eftir starfsstöðum.

Hér koma áhugaverðar upplýsingar í ljós. Niðurstöður sýna að starfsfólk félagsmiðstöðva og frístundaheimila telja að börnum bjóðist fjölbreytt verkefni og að lögð sé áhersla á lýðræði/virka þátttöku. Á báðum starfsstöðum telja um 60% starfsfólks að starfið sé vel skipulagt og meirihluti starfsfólks telur að vel gangi að koma til móts við þarfir allra barna. Ríflega helmingur starfsmanna telur að starfsfólk hafi ráðrúm til að undirbúa dagskrá fyrir daginn. Þetta bendir til að bæta þurfi þennan þátt, bæði með ráðningu millistjórnenda, meiri undirbúningstíma og fjölgun starfsmannafunda fyrir starfsfólk frístundaheimila. Sláandi

munur kemur fram á viðhorfum starfsfólks þegar skoðað er hvort þau telji að starfið styrki sjálfsmynd barna og hvort andrúmsloft á starfsstaðnum einkennist af gleði og jákvæðni – hér eru mun fleiri starfsmenn félagsmiðstöðva sammála fyrrgreindu. Að sama skapi benda svör til þess að starfsfólk félagsmiðstöðva telji að markvissar sé unnið að félagsfærni og að meiri áhersla sé á lýðræði og virka þátttöku í félagsmiðstöðvum. Einnig sýna niðurstöður að algengara var að starfsfólk félagsmiðstöðva teldi að á þeirra vinnustað væri í gangi umbóta- og þróunarstarf (66,7% á móti 53,3%).

Viðhorf unglunga


204 unglingar úr 8.-10. bekk svöruðu spurningalista sem lagður var fyrir rafrænt. Mynd 3 sýnir hve oft að jafnaði þeir sögðust sækja félagsmiðstöðina sína.



Mynd 3. Hve oft sækir þú félagsmiðstöðina þína?

Um 39% unglunga sækja félagsmiðstöðina vikulega eða oftar og aðeins tæp 8% koma aldrei. Tveir af hverjum þremur unglingum mæta 2-3 í mánuði eða oftar og virðast félagsmiðstöðvarnar vera að ná til flestra unglunga. Unglingarnir töldu að það hefði mest áhrif á mætingu þeirra hvort *vinir* þeirra sæktu félagsmiðstöðina, næst var það *dagskráin* sem skipti þau máli.

Þá voru unglingar beðnir að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga um innra starfið. Mynd 4 sýnir hlutfall unglunga sem voru sammála og mjög sammála staðhæfingunum hér fyrir neðan.



Mynd 4. Hlutfall unglunga sem voru sammála eða mjög sammála ofangreindum fullyrðingum um starf félagsmiðstöðva

Eins og sjá má eru unglingarnir almennt jákvæðir í garð félagsmiðstöðvanna en er það helst aðstaðan, aðgengi á skólatíma, tækjamál og samstarf við skóla sem huga þarf að.

Viðhorf foreldra

Upplýsingar um viðhorf foreldra byggja á viðhorfsskönnun sem 314 foreldrar svöruðu rafrænt. Foreldrar höfðu ýmsar skoðanir á innra starfi og bæði kom fram ánægja og óánægja með starfsemi frístundaheimila. Ánægja foreldra hefur hækkað frá því könnun 2012, en 60% foreldra segjast nú ánægðir miðað við 51% foreldra árið 2012. Sömuleiðis hefur upplýsingaflæði aukist að mati foreldra, en 65% þeirra segjast fá nægar upplýsingar frá frístundaheimilinu miðað við 49% árið 2012. Opin svör benda til ýmissa þátta sem margir foreldrar telja nauðsynlegt að bæta, þar með talið fagþekkingu og reynslu starfsfólks, skipulag starfsins og að boðið sé upp á fjölbreyttari verkefni. Margir foreldrar vilja að boðið sé upp á heimanám. Nokkrir foreldrar nefndu í opnu svari í könnuninni að ekki væri samræmi á milli vinnubragða í skóla og á frístundaheimili, t.d. reglur og viðbrögð við óviðunandi hegðun (SMT). Um 76% foreldra telja að samskipti sín við starfsfólk frístundaheimilis séu frekar eða mjög góð. Um 64% foreldra telja að barnið þeirra sé frekar eða mjög ánægt, 15% foreldra taka ekki afstöðu og 22% foreldra segja að börn þeirra séu frekar eða mjög óánægð, sem vekur nokkrar áhyggjur. Að lokum er mikilvægt að geta þess að 9% foreldra svara því játandi að barn þeirra hafi orðið fyrir einelti á frístundaheimilinu. Nánar er farið í viðhorf foreldra í næsta kafla um samstarf.

Tafla 3. Styrkleikar og veikleikar innra starfs

Styrkleikar	Veikleikar
Innra starf félagsmiðstöðva virðist skipulagt og markvisst	Innra starf frístundaheimila þarf að efla
Markvisst er unnið með unglíngalýðræði í félagsmiðstöðvum	Efla þarf ennfrekar fagmennsku og ábyrgð starfsfólks frístundaheimila
Ánægja foreldra með starfsemi frístundaheimila hefur aukist frá fyrri könnun	22% foreldra telur að börn þeirra séu ekki ánægð á frístundaheimilinu og 9% foreldra segja að börn sín hafi lent í einelti
Börn á frístundaheimilum hafa möguleika á að velja á milli ólíkra leiksvæða og viðfangsefna	Koma þarf betur til móts við börn úr 3. og 4. bekk
Unglingar eru flestir mjög ánægðir með félagsmiðstöðina sína	Starf fyrir 10-12 ára börn er mjög takmarkað
	Foreldrar telja að bjóða þurfi upp á fjölbreyttari verkefni á frístundaheimilum
	Starfsfólk upplifir að það skorti fjármagn til að geta aukið fjölbreytni í starfinu, bæði vettvangsferðir og aðföng

Samstarf

Samstarf við skóla

Matið bendir til þess að vinna þurfi markvisst að því að bæta samstarf við skóla, ekki síst á nokkrum starfsstöðum. Víða gengur samstarf við stjórnendur og starfsfólk grunnskólanna mjög vel, en starfsfólk nokkurra starfsstöðva upplifa að samstarf við skóla sé ekki nægilega gott. Í þeim tilfellum upplifir starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva að starfsemin sé annars flokks og að þau og skjólstæðingar þeirra séu ekki velkomin innan skólahúsnæðis eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Í rýnihópi starfsfólks frístundaheimila kom fram að starfsfólk upplifði á sumum stöðum neikvæð viðhorf, ekki síst í kjölfar breytinganna 2011 þegar ÍTH tók við rekstri heilsdagsskólans. Einn þátttakandi notaði hugtakið „hreppsríg“ til að lýsa tengslum skóla og frístundar. Nokkur dæmi voru nefnd í rýnihópi, til dæmis hefur á einum stað verið samið við skóla um að börnin fái að drekka síðdegishressingu í matsalnum þar sem rými innan frístundaheimilis er ekki nægilegt. Engu að síður lendir starfsfólk í því einu sinni til tvisvar í mánuði að salurinn sé í notkun þegar þau koma með barnahópinn. Þetta finnst þeim mjög óþægilegt, ekki síst að hafa ekki verið látin vita fyrirfram.


Þrír starfsmenn sem tóku þátt í rýnihópi frístundaheimila höfðu starfað við heilsdagsskólann áður en starfsemin fluttist yfir til ÍTH. Spurðir um hvort starfið hefði breyst svöruðu þeir því játandi. Meðal annars sögðu þeir að fyrir breytingarnar hafi starfað meira af eldra fólki með reynslu á frístundaheimilum. Einnig kom fram að eftir breytingarnar væri á sumum stöðum erfiðara að fá aðgang að ýmsum rýmum innan skólans, s.s. bókasafni, íþróttasal og fleiri svæðum. Nefnt var að það væri einnig slæmt að eftir breytingarnar mætti starfsfólk ÍTH ekki fá mikilvægar upplýsingar um börnin frá skóla, s.s. vegna ofnæmis eða veikinda, sem þarf þó að hafa þekkingu á. Ekki allir foreldrar átta sig á því að gefa þarf þessar upplýsingar á báðum stöðum.

Starfsfólk sem þátt tók í rýnihópi félagsmiðstöðva skiptist í tvo hópa, annarsvegar þá sem almennt töldu gott samstarf við skóla og hinsvegar þá sem töldu samstarf ekki nægilega gott. Í síðari hópnum var starfsmaður sem sagði að félagsmiðstöðin mætti ekki lengur nota búrið í salnum til að spila tónlist, sem kæmi óneitanlega niður á krökkunum sem sækja starfið á kvöldin. Annar starfsmaður sagði að nánast daglega kæmi húsvörður skólans og ásakaði þau um slæma umgengni eða atvik sem orðið hefðu jafnvel á kvöldi þar sem félagsmiðstöðin væri ekki opin. Þriðji starfsmaðurinn sagðist upplifa breytt viðhorf frá starfsfólki skólans, þar sem hann starfaði áður sem stuðningsfulltrúi, eftir að hann byrjaði að vinna í félagsmiðstöðinni.

Samstarf við foreldra


Í rýnihópum starfsfólks kom skýrt fram að starfsfólk taldi sig ekki vera í almennu samstarfi við foreldra: Þau töldu verkefnastjóra bera ábyrgð á því og sjá um upplýsingar til foreldra. Starfsfólk frístundaheimila sagðist helst vera í samskiptum við foreldra þegar þeir sækja börn sín, og alla jafna væru þau samskipti góð. Starfsfólk og verkefnastjórar félagsmiðstöðva sögðust upplifa ákveðið áhugaleysi frá foreldrum, sem til að mynda birtist á þann veg að foreldrar hafi sjaldan samband nema þá til að kvarta eða ef einhver sérstakur viðburður sé framundan.

Mynd 5 endurspeglar viðhorf foreldra barna á frístundaheimilum til tiltekinna staðhæfinga um innra starfið.



Mynd 5. Hlutfall foreldra barna á frístundaheimilum sem voru sammála eða mjög sammála ofangreindum fullyrðingum um innra starfið.

Niðurstöður benda til þess að *meirihluti* foreldra sem nýti þjónustuna hafi ekki mikla trú á uppeldislegu gildi frístundaheimila og að *meirihluti* foreldra telji að almennt þurfi að efla faglegt starf. Einungis 34% foreldra eru sammála því að á frístundaheimilinu fari fram mikilvægt uppeldisstarf. Þá telur *minnihluti* foreldra að starfið bjóði upp á róleghet og næði; að verkefni sé fjölbreytt; að boðið sé upp á fjölbreytt viðfangsefni eða að starfsfólk taki faglega á málum. Þetta er í samræmi við áherslur í opnum svörum foreldra, sem skoða má í Mynd 6.



Mynd 6. Þættir sem foreldrar töldu mega bæta eftir fjölda athugasemda í opnum svörum.

Samstarf við aðrar stofnanir

Lítið kom fram í matsgögnum varðandi samstarf við aðrar stofnanir og/eða félagasamtök sem starfa að æskulýðsmálum innan Hafnarfjarðarbæjar. Á aðeins einu frístundaheimili hefur verið komið á skipulegu samstarfi við íþróttafélagið þar sem starfsfólk fylgir hópum barna á æfingar á starfstíma frístundaheimilis. Ein ástæða fyrir því er sú að flest íþróttafélög hefja ekki æfingar fyrr en eftir kl. 17:00 á daginn. Einnig reynist erfitt að koma á skipulegri fylgd barna í annað skipulagt tómskundastarf þar sem ekki næst lágmarkspáttaka barna.

Tafla 4. Styrkleikar og veikleikar varðandi samstarf

Styrkleikar	Veikleikar
Á sumum stöðum er mjög gott samstarf við skóla	Samstarf við suma skóla alls ekki nógu gott; starfsfólk upplifir í þeim tilvikum að starfsemin sé annars flokks og fái aðstöðu sem nýtist öðrum ekki
Verkefnastjórar hafa náð að vinna vel saman	Flutningur frístundaheimila yfir til ÍTH virðist hafa valdið nokkurri neikvæðni innan skóla
	Foreldrar upplifa ekki mjög miklar áherslur á foreldrasamstarf innan frístundaheimila
	Foreldrar hafa almennt ekki trú á því að innan frístundaheimila fari fram mikilvægt uppeldisstarf
	Auka mætti samstarf milli starfsstöðva
	Innan frístundaheimila er ekki mjög öflugt samstarf við annað íþróttá- og tómsundastarf

Aðbúnaður og húsnæði

Matið leiddi í ljós að huga þarf betur að húsnæðismálum félagsmiðstöðva og frístundaheimila. Dæmi voru um mjög góða aðstöðu, til dæmis frístundaheimilið Krakkaberg í Setbergsskóla og félagsmiðstöðin Hraunið í Víðistaðaskóla. Flestar félagsmiðstöðvar deildu að mestu leyti húsnæði og aðstöðu með skóla, en höfðu eitt sérrými sem alla jafna var bæði nýtt sem skrifstofuaðstaða verkefnisstjóra og aðstaða fyrir unglunga. Frístundaheimilin voru langflest staðsett á tveimur eða þremur stöðum í skólanum, skipt upp eftir aldri barna. Margir verkefnastjórar töluðu um of mikinn barnafjölda í of litlu rými, en það fór mikið eftir aðstæðum (s.s. fjölda starfsfólks og veðri) hvernig gekk að dreifa barnafjöldanum.

Um 38% starfsfólks var sammála því að *húsnæði og aðstaða hentaði fyrir starfsemina*, en um 48% starfsfólks var ósammála eða mjög ósammála því að húsnæði og aðstaða hentaði fyrir starfsemina, um 13% starfsfólks tók ekki afstöðu.

Um 57% starfsfólks var sammála því að það *hefði nauðsynleg tæki og tól fyrir starfið*, en 21% svarenda voru því ósammála eða mjög ósammála, um 21% svarenda tók ekki afstöðu.

Athyglisvert er að unglingar sem svöruðu könnuninni voru almennt sáttir við aðstöðu félagsmiðstöðvar, en um 76% unglunga voru sammála eða mjög sammála því að félagsmiðstöðin byggði við góða aðstöðu. Nokkuð færri unglingar, eða um 65% unglunga, voru sammála eða mjög sammála því að félagsmiðstöðin væri vel búin af tækjum, 35% unglunga voru hlutlaus eða ósammála því.

Um fjórðungur foreldra eða 24% þeirra telja að aðstaða frístundaheimila ÍTH sé frekar eða mjög slæm. Ríflega helmingur foreldra eða um 54% töldu aðstöðu frístundaheimila vera góða eða mjög góða, hlutfall foreldra sem ekki tók skýra afstöðu var um 22%.

Tafla 5. Yfirlit yfir starfsstöðvar og fjölda barna

Starfsstöð	Fjöldi	Um húsnæðið
Áslandsskóli		Félagsmiðstöðin Ásinn:
Fjöldi unglunga 8.-10 bekk:	159	Lítið herbergi á unglingagangi
Fjöldi barna 5.-7. bekk:	151	Nýtir ganga og sal skólans á opnum húsum
Fjöldi barna 1.-4. bekk:	223	Frístundaheimilið
Fjöldi barna á frístundaheimilinu:	99	Tröllaheimar:
		1. bekkur nýtir eina skólastofu
		2. bekkur nýtir aðra skólastofu
		3.-4 bekkur nýtir húsnæði félagsmiðstöðvar
		Aðgengi að matsal og danssal innan skólans eftir samkomulagi
Hraunvallaskóli		Félagsmiðstöðin Mosinn:
Fjöldi unglunga 8.-10 bekk:	167	Skrifstofa fyrir verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra
Fjöldi barna 5.-7. bekk:	220	Eitt herbergi fyrir unglunga
Fjöldi barna 1.-4. bekk:	365	Vantar aðstöðu í frímínútum

Fjöldi barna á frístundaheimilinu:	134	Frístundaheimilið Hraunsel: 1. bekkur nýtir húsnæði í skóla 2.-4. bekkur er í tveimur húsum á lóðinni
Hvaleyrarskóli Fjöldi unglunga 8.-10 bekk: Fjöldi barna 5.-7. bekk: Fjöldi barna 1.-4. bekk:	138 106 163	Félagsmiðstöðin Verið: Eitt stórt herbergi og alrými á göngum skólans nýtt fyrir billiardborð og fleira. Skrifstofa mjög lítil og án loftræstingar Verkefnastjóri vill brjóta vegg og opna skrifstofuna inn í rými félagsmiðstöðvar Frístundaheimilið Holtasel: Er staðsett á neðri hæð skólans, á sama gangi og rekin er 5 ára deild skólans. Gott aðgengi að öðrum rýmum innan skólans
Fjöldi barna á frístundaheimilinu:	62	
Lækjarskóli Fjöldi unglunga 8.-10 bekk: Fjöldi barna 5.-7. bekk: Fjöldi barna 1.-4. bekk:	171 125 186	Félagsmiðstöðin Vitinn: Eitt stórt herbergi þar sem verkefnastjóri er jafnframt með vinnuástöðu. Opið í frímínútum. Ekki aðstaða til að spjalla í einrúmi. Gangur og mótuneyti skólans nýtt í opnum húsum og böllum Frístundaheimilið Lækjarsel: 1. bekkur er með sérrými innan skólans 2-4. bekkur er með aðstöðu í rými við hlið íþróttasals. Þar er ekki góð hljóðvist
Fjöldi barna á frístundaheimilinu:	90	
Setbergsskóli Fjöldi unglunga 8.-10 bekk: Fjöldi barna 5.-7. bekk: Fjöldi barna 1.-4. bekk:	132 120 147	Frístundaheimilið Krakkaberg: Er staðsett í rúmgóðu húsnæði á 2. hæð í íþróttahúsi skólans. Þar eru þrjár rúmgóðar stofur, skrifstofa og eldhúsaðstaða Félagsmiðstöðin Setrið: Lítið herbergi í öðrum enda skólans á unglíngagangi. Gangur og salur skólans nýtt í opnum húsum og böllum
Fjöldi barna á frístundaheimilinu:	81	
Víðistaðaskóli Fjöldi unglunga 8.-10 bekk: Fjöldi barna 5.-7. bekk: Fjöldi barna 1.-4. bekk:	222 219 130	Félagsmiðstöðin Hraunið: Eina félagsmiðstöðin í Hafnarfirði sem hefur að öllu leyti sérstakt húsnæði, og samanstendur af skrifstofu, tveimur stórum rýmum og gangi. Einnig hefur félagsmiðstöðin góðan aðgang að íþróttasal sem er

Fjöldi barna á frístundaheimilinu:	63 + 54	Í sama húsi Frístundaheimilið Hraunkot og Álfahraun: Frístundaheimilið er rekið á tveimur stöðum þar sem börnin koma bæði úr Víðistaðaskóla og Engidalsskóla. Húsnæðið í Engidalsskóla er að mörgu leyti ágætt, en komið að viðhaldi
Öldutúnsskóli Fjöldi unglunga 8.-10 bekk: 178 Fjöldi barna 5.-7. bekk: 148 Fjöldi barna 1.-4. bekk: 193 Fjöldi barna á frístundaheimilinu:	104	Félagsmiðstöð Aldan: Hefur lítið herbergi sem nýtist sem skrifstofa og aðstaða til að taka á móti nokkrum unglingum. Önnur aðstaða er á gangi og sal skólans Frístundaheimilið Selið: 1.bekkur er í sérhúsnæði fyrir aftan skólann sem nýtist vel 2.bekkur er í rými í kjallara 3.og 4. bekkur eru í rými við hlið félagsmiðstöðvar

Tafla 6. Styrkleikar og veikleikar varðandi aðbúnað og húsnæði

Styrkleikar	Veikleikar
Frístundaheimilin/félagsmiðstöðvar eru staðsett annað hvort í eða við skólahúsnæði þannig að stutt er fyrir börnin/unglingana að fara	Víða er aðstaða frístundaheimila og félagsmiðstöðva fremur rýr
Útileiksvæði við frístundaheimili eru alla jafna til staðar og almennt góð	Of lítið húsnæði veldur hávaða og auknu álagi á börn og starfsfólk frístundaheimila
Húsnæði var vel merkt og aðkoma yfirleitt góð	Starfsemin dreifist oft um húsnæðið sem veldur meira álagi á starfsfólk
Húsnæði skólans nýtist alla jafna vel fyrir opin hús og böll í félagsmiðstöðvum	Á a.m.k. tveimur stöðum þarf nauðsynlegt viðhald á húsnæði og aðbúnaði, s.s. málun, gólf, gluggar, hurðir
	Á nokkrum stöðum voru húsgögn og tæki lúin
	Skrifstofuaðstaða verkefnastjóra er misgóð

Tillögur rannsakenda til úrbóta

Hér fyrir neðan eru tillögur rannsakenda að úrbótum skipt eftir matsþáttum. Tillögunum er forgangsraðað innan hvers þáttar, þannig að fyrst er nefnt það sem brýnast er að takast á við.

Stefna og stjórnun

1. Endurskoða þarf starfsumhverfi verkefnastjóra og fjölga millistjórnendum sem beri ábyrgð á daglegu starfi frístundaheimilis annarsvegar og félagsmiðstöðvar hinsvegar. Mikil starfsmannavelta meðal verkefnastjóra er vísbending um að úrbóta sé þörf.
2. Standa þarf betur að móttöku og þjálfun starfsmanna ÍTH og tryggja nýjum starfsmönnum eftirfylgni og stuðning í starfi. Brýnt er að útbúinn verði verkferill um móttöku nýs starfsmanns. Einnig væri hægt að taka upp mentora-kerfi þar sem nýliði fylgir eftir reyndari starfsmanni fyrstu dagana eða vikunnar.
3. Fjölga þarf starfsmannafundum á frístundaheimilum.
4. Fjölga þarf undirbúningstímum starfsmanna ÍTH til að efla faglegt starf, bæði í félagsmiðstöðvum og á frístundaheimilum.
5. Nauðsynlegt er að efla stoðþjónustu fyrir börn með fötlun/sérþarfir á frístundaheimilum. Ráða þyrfti þroskaþjálfara eða uppeldismenntaðan einstakling með sérþekkingu á þroskafrávikum sem gæti starfað „á gólfinu“ öðru starfsfólki til stuðnings og leiðsagnar. Hér mætti sjá fyrir sér eitt stöðugildi faglærðs þroskaþjálfara sem færi á milli tveggja eða þriggja frístundaheimila.
6. Athyglisvert er hve lítil þjónusta er í boði fyrir börn úr 5.-7. bekk, eða aðeins opið hús í félagsmiðstöðinni einu sinni í viku. Hér eru sóknarfæri til að gera betur í samræmi við stefnu um að koma til móts við öll börn, og mætti skoða möguleikann á safnfrístund fyrir þennan aldurshóp.

Innra starf

1. Fjölga þarf uppeldismenntuðu starfsfólki innan starfsstöðva ÍTH.
2. Finna þarf leiðir til að auka stöðugleika í starfsmannamálum, sérstaklega innan frístundaheimila. Mikil starfsmannavelta hefur veruleg áhrif á möguleika verkefnastjóra og starfsfólks til að þróa öflugt fagstarf, og eykur álag á börn og starfsfólk.
3. Skoða þarf leiðir til að bæta líðan barna á frístundaheimilum, og rýna vel í það umhverfi sem þeim er skapað innan frístundaheimila. Hér skipta ýmsir þættir máli, líkt og húsnaði, dagskrá, samskipti við starfsfólk, og samskipti við önnur börn.
4. Efla þarf umbóta- og þróunarstarf bæði innan félagsmiðstöðva og frístundamiðstöðva. Sérstök þróunarverkefni hvetja starfsfólk til ígrundunar og faglegrar skráningar á starfinu. Til að skapa svigrúm þarf að huga að því að starfsumhverfi skapi svigrúm fyrir slíka ígrundun, og að starfsfólk fái hvatningu til góðra verka.

5. Brýnt er að koma betur til móts við þarfir barna úr 3. og 4. bekk með mun markvissara og öflugra starfi sem tekur mið af þroska og þörfum þeirra. Einungis 2% barna úr 4. bekk nýta þjónustuna sem sýnir að í raun tekur starfsemin ekki mið af þeirra þörfum. Það sem þyrfti að gera er að skipuleggja sérstakt starf innan frístundaheimila þar sem eldri börnin fá ný og spennandi viðfangsefni, og hafa tækifæri til að hafa áhrif á dagskrána. Einnig mætti skoða að stofna safnfrístund fyrir þennan aldurshóp úr tveimur til fjórum skólum.
6. Það má vinna á markvissari hátt með barnalýðræði í frístundaheimilum, s.s. með barnaráðum og barnafundum.
7. Hugmyndafræði óformlegs náms má gera sýnilegri í stefnu og starfi ÍTH með börnum og unglingum. Æskilegt er að starfsfólk ígrundi hverju þau miðla til barna og unglinga, og hvernig stuðla má ennfrekar að óformlegu námi barna. Til að mynda má nota greindarkenningu Howards Gardner til að efla skilning starfsmanna á fjölbreytileika þeirrar hæfni og þekkingar sem einstaklingar búa yfir og þróa með sér ævilangt.
8. Gera þarf sérstaka úttekt á stoðþjónustu ÍTH við börn og unglinga með fötlun.

Samstarf

1. Markvisst verður að efla samstarf skóla og ÍTH með það að markmiði að börnum og unglingum verði veitt heildstæð og skilvirk þjónusta. Vellíðan og alhliða velferð barna er sameiginlegt verkefni starfsmanna skóla og starfsmanna ÍTH. Ekki er ásættanlegt að gæði samstarfsins séu háð áhuga og vilja einstaklinga á einstökum starfsstöðum, heldur á að gera kröfu um að aðilar vinni saman. Því þarf að móta skýra framtíðarsýn og gera áætlun um hvernig henni verði náð.
2. Leggja má frekari rækt við foreldrasamstarf innan frístundaheimila. Til að efla upplýsingaflæði mætti setja fréttir og upplýsingar um innra starf, s.s. vikudagskrá, inn á heimasíður frístundaheimilanna. Þá mætti skipuleggja foreldrakvöld þar sem verkefnastjóri og starfsfólk kynna innra starfið og skapa umræðu um hvað gengur vel og hvað mætti betur fara.
3. Samstarf við íþróttafélag og aðrar æskulýðsstofnanir má efla ennfrekar, s.s. varðandi æfingatíma yngstu barnanna og þátttöku í skipulögðu tólmstundastarfi á starfstíma frístundaheimila.

Húsnæði og aðbúnaður

1. Huga þarf að húsnæðismálum og aðbúnaði félagsmiðstöðva og frístundaheimila ÍTH. Setja þarf skýr viðmið um barnafjölda og stærð húsnæðis frístundaheimila. Meginrými frístundaheimila rúmuðu á fáum stöðum þann fjölda sem þeim var gert að þjóna.
2. Bæta þarf aðstöðu félagsmiðstöðva til að skapa unglingum aðstöðu til félagsstarfs og samveru á skólatíma og á opnum húsum.

3. Skrifstofuaðstaða sumra verkefnastjóra var mjög bágborin, og víða staðsett í opnum rýmum sem einnig voru ætluð börnum og unglingum. Skapa þarf tryggja og góða vinnuaðstöðu þar sem hægt er að sinna viðkvæmum málefnum bæði barna og starfsmanna.
4. Yfirfara þarf aðbúnað og húsgögn á nokkrum stöðum og á tveimur starfsstöðum var komið að nauðsynlegu viðhaldi á húsnæði.

Rituð gögn frá ÍTH

Könnun á viðhorfum foreldra 2012

Samþykkt fjölskylduráðs um starfsemi og rekstur frístundaheimila (skjal í vinnslu)

Starfsskrá frístundaheimila og almennar upplýsingar (2013)

Starfsskrá félagsmiðstöðva (2013)

Umbótavinnuskýrsla vegna félagsmiðstöðva

Aðalhandbók félagsmiðstöðva

Handbók leikjanámskeiða

Starfsáætlun ÍTH fyrir árið 2014

Heimildir

Árni Guðmundsson (2010). Saga félagsmiðstöðva.

Dagtilbudsloven, nr. 1240 af 29/10/ 2013. Sótt af <https://www.retsinformation.dk/Forms/r0710.aspx?id=158274&exp=1>

Eygló Rúnarsdóttir (2011). „Maður lærir líka að vera góður“. *Sýn unglinga á félagsmiðstöðvar og eigin þátttöku í starfi þeirra*. Meistararitgerð frá Menntavísindasviði, Háskóli Íslands.

Meyvant Þórólfsson, Allyson Macdonald og Eggert Lárusson. (2007). Sýn fimm grunnskólakennara á nám og kennslu í náttúruvísindum. *Tímarit um menntarannsóknir, 4*, 84-99.

Hulda Valdís Valdimarsdóttir (2011). *Þetta er svo miklu dýpra en bara að sitja með þeim og hanga*. *Starfsfólk í félagsmiðstöðvum ÍTR*. Meistararitgerð frá Menntavísindasviði, Háskóli Íslands.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, (2012). Viðhorf sex til sjö ára barna til skóla og frístundaheimilis. Í Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (ritstj.), *Raddir barna*, bls. 179-202. Reykjavík: Háskólaútgáfan og RannUng.

Hafnarfjarðarbær (e.d.). Mannauðsstefna. Sótt af <http://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/mannaudstefna.pdf>

Hafnarfjarðarbær (e.d.). Forvarnarstefna. Sótt af <http://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/forvarnastefna.pdf>

Hafnarfjarðarbær (2010). *Greinargerð um skipan málefna fatlaðra og þjónustu við fatlaða í Hafnarfirði. Áfangaskýrsla unnin vegna undirbúnings að fyrirhuguðum flutningi málaflokksins til sveitarfélaga árið 2011*.

Sótt af <http://www.hafnarfjordur.is/media/fjolskylduthjonusta/Greinargerð-um-skipan-malefna-fatladra-og-thjonustu-vid-fatlada-i-Hafnarfirdi.pdf>

Miller-Day, M. (2008). Talking to youth about drugs: What do late adolescents say about parental strategies? *Family Relations, 57*, 1-12.

Rannsóknir og greining (2014). Ungt fólk-grunnskólar 2014. Hagir og líðan ungs fólks í Hafnarfirði. Óbirt skjöl í eigu Hafnarfjarðarbæjar


Vanda Sigurgeirsdóttir (2010). Skilgreining á hugtakinu tómstundir. *Netla, ráðstefnurit*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/025.pdf>

Fylgiskjal 1 Spurningakönnun A til starfsfólks - heildarniðurstöður


Viðhorfskönnun

Starfsmanna frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Hafnarfirði vor 2014

Hver er þín starfsstöð? (félagsmiðstöð eða frístundaheimili eða bæði)




Ertu kona eða karl?




STARFSUMHVERFI OG STUÐNINGUR Í STARFI

Hve sammála/ósammála ertu eftirfarandi
fullyrðingum:


Ég fékk góða þjálfun þegar ég hóf störf




Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi




Ég þekki stefnu ÍTH um frístundastarf með börnum og unglingum




Ég fæ góðan stuðning frá mínum næsta yfirmanni




Á mínum vinnustað er góður starfsandi




Á mínum vinnustað er ávallt í gangi umbóta- og þróunarstarf til að efla fagstarfið




Húsnæði og aðstaða hentar vel fyrir starfsemina




Við höfum nauðsynleg tæki og tól fyrir starfið




Upplýsingaflæði til starfsfólks er gott á mínum vinnustað




Mætir þú reglulega á starfsmannafundi?




Hefur þér verið kynnt starfslýsing fyrir starf þitt?




Hve oft hefur þú sótt námskeið eða fræðslu á vegum vinnustaðar þíns síðustu 6 mánuði?




Hvernig fannst þér fræðslan nýtast þér?



Hve lítið/mikið álag upplifir þú í starfi? 0 merkir lítið og 10 merkir mjög mikið




Ég starfa í ...




SPURNINGAR FYRIR STARFSFÓLK FRÍSTUNDAHEIMILA

Hve sammála/ósammála ertu eftirfarandi
fullyrðingum:


Í daglegu starfi býðst börnum að taka þátt í fjölbreyttum og skapandi verkefnum




Lögð er áhersla á barnalýðræði og val barna




Starfsfólk stuðlar á markvissan hátt að aukinni félagsfærni barna




Þátttaka í starfi frístundaheimilis styrkir sjálfsmynd barna




Andrúmsloftið á frístundaheimilinu einkennist af gleði og jákvæðni




Samskipti við börn einkennast af virðingu og umhyggju




Starfið á frístundaheimilinu er vel skipulagt




Börnin hafa kost á daglegri útiveru




Síðdegishressingu sem börnum er boðið uppá er holl og góð



Starfsfólk hefur ráðrúm til að undirbúa dagskrá fyrir daginn




Vel gengur að koma til móts við þarfir allra barna




SPURNINGAR FYRIR STARFSFÓLK FÉLAGSMIÐSTÖÐVA

Hve sammála/ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum:


Í daglegu starfi býðst unglíngum að taka þátt í fjölbreyttum og skapandi verkefnum




Lögð er áhersla á ungmennalýðræði og virka þátttöku unglíngja




Starfsfólk stuðlar á markvissan hátt að aukinni félagsfærni unglíngja




Þátttaka í starfi félagsmiðstöðva styrkir sjálfsmynd barna




Andrúmsloftið í félagsmiðstöðinni einkennist af gleði og jákvæðni




Samskipti við unglinga einkennast af virðingu og umhyggju




Starfið í félagsmiðstöðinni er vel skipulagt




Unglingum gefst kostur á að taka þátt í ferðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar



Starfsfólk hefur ráðrúm til að undirbúa dagskrá fyrir daginn




Vel gengur að koma til móts við þarfir allra unglinga




SAMSTARF

Hve vel/illa gengur samstarf við eftirtaldar stofnanir/félagasamtök að þínu mati?


Íþróttta- og æskulýðsfélög




Grunnskóla



Félagspjónustu (velferðarkerfið)




Heilbrigðiskerfið (BUGL o.fl.)




SAMSTARF

Hve vel/illa gengur samstarf við eftirtalda aðila að þínu mati?


Foreldrar




Kennarar




Skólastjórnendur




Húsvörður (skóla)




Yfirmenn þína



Samstarfsfólk þitt



Unglingana/börnin




Fylgiskjal 2 Spurningakönnun B til unglina - heildarniðurstöður

Viðhorf unglinga í Hafnarfirði til starfsemi félagsmiðstöðva vor 2014


Yfirlit




Í hvaða bekk/árgangi ertu?




Ertu strákur eða stelpa?



Hver er þín félagsmiðstöð?




Hve oft sækir þú félagsmiðstöðina þína?




Hvað er það sem hefur mest áhrif á hvort þú mætir í félagsmiðstöðina


Raðaðu frá 1-5 eftir mikilvægi fyrir þig? 1 = skiptir mestu máli, 2 = skiptir næst mestu ...




Hvernig eru samskipti þín við starfsfólkið í félagsmiðstöðinni þinni?




Hve sammála/ósammála ertu neðangreindum fullyrðingum?




a. Starfsfólkið tekur vel á mótum okkur




b. Ég finn oftast eitthvað skemmtilegt að gera í félagsmiðstöðinni




c. Dagskráin er vel auglýst og ég fæ reglulega upplýsingar um viðburði




d. Unglingar geta haft áhrif á dagskrána í félagsmiðstöðinni




e. Félagsmiðstöðin er opin og aðgengileg á skólatíma




f. Það er gott samstarf á milli skóla og félagsmiðstöðvar.




g. Félagsmiðstöðin er í góðri aðstöðu.




h. Félagsmiðstöðin er vel búin af tækjum.




i. Allir unglíngar hafa jafnan aðgang að félagsmiðstöðinni.




Tekur þú þátt í skipulögðu íþrótta- og/eða tómskundastarfi?




Hvaða íþrótta- og tómskundastarfi tekur þú þátt í?




Á skalanum 0-10, hvaða einkunn myndir þú gefa félagsmiðstöðinni þinni? (0 er lægst og 10 hæst)



Félagsmiðstöðinni þinni?




Starfsfólkinu í félagsmiðstöðinni?



Fylgiskjal 3 Spurningakönnun C- forelðrakönnun borin saman við niðurstöður 2012



Viðhorf foreldra í Hafnarfirði til þjónustu frístundaheimila

Í hvaða frístundaheimili er barn þitt?




Hversu margar daga í viku er barnið þitt í frístundaheimilinu?

Í hvaða bekk er barnið þitt?




Er barnið þitt strákur eða stelpa?


Upplýsingaflæði og dagskrá




Finnst þér þú fá nægar upplýsingar frá frístundaheimilinu?




Hvernig telur þú aðgengi þitt að stjórnendum frístundaheimilisins vera?




Hvernig eru samskipti þín við starfsmenn frístundaheimilisins búin að vera í vetur?




Hversu ánægt eða óánægt ert þú sem foreldri með dagskrána sem boðið er upp á í frístundaheimilinu?



Hversu ánægt eða óánægt ert þú sem foreldri með síðdegishressinguna sem barnið þitt hefur fengið í vetur?




Hversu ánægt eða óánægt telur þú barnið þitt með síðdegishressinguna sem það hefur fengið í vetur?




Aðstaða og greiðslufyrirkomulag

Hvernig telur þú aðstöðu frístundaheimilisins vera?




Hvernig telur þú núverandi greiðslufyrirkomulag (greitt er fyrir hvern dag sem barnið dvelur)?




Líðan barns og innra starf


Hversu ánægt eða óánægt telur þú að barn þitt hafi verið á frístundaheimilinu í vetur að öllu jöfnu?




Telur þú að barnið þitt hafi orðið fyrir einelti á frístundaheimilinu?




Hversu sammála/ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?




þarf barn þitt á sérstakri þjónustu eða stuðningi að halda í frístundaheimilinu?




Finnst þér að frístundaheimilið mæti þörfum þíns barns varðandi sérstaka þjónustu eða stuðning?




Tekur barnið þitt þátt í öðru skipulögðu tómstundastarfi?



Hvaða öðru tómstundastarfi tekur barnið þátt í? (Það má merkja við fleira en eitt svar)



Hversu ánægt eða óánægt ertu sem foreldri með frístundaheimilið þegar á heildina er litið?



Fylgiskjal 4 Starfslýsing tómsundaleiðbeinenda í félagsmiðstöð



STARFSLÝSING

I. GRUNNUPPLÝSINGAR

SVEITARFÉLAG:	Hafnarfjarðarbær
STARFSHEITI:	Tómstundaleiðbeinandi
ÍSTARFSNÚMER:	
DEILD / SVIÐ / STOFNUN:	Félagsmiðstöð
STARFSMAÐUR:	
STARFSHLUTFALL:	25-75%
STÉTTARFÉLAG:	Starfsmannafélag Hafnarfjarðarbæjar
YFIRMAÐUR/STARFSMANNASTJÓRI:	Æskulýðs- og forvarnarfulltrúi
SÍMI:	585 5500
NETFANG:	geir@hafnarfjordur.is

II. TILGANGUR / MARKMIÐ STARFSINS

Að gefa börnum og unglingum tækifæri til að stunda skapandi og þroskandi félagsstarf í heilbrigðu umhverfi á jafnréttisgrundvelli.

Skapa vettvang þar sem börn og unglingar fá tækifæri til að efla sjálfstraust sitt og félagsfærni með því að sýna frumkvæði, axla ábyrgð og sýna sjálfstæði í vinnubrögðum.

Skipuleggja og móta fjölbreytta dagskrá í samstarfi við börn og unglinga sem tekur mið af áhugamálum þeirra hverju sinni.

Leitast við að skapa andrúmsloft sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, jákvæðum samskiptum og lýðræðislegum vinnubrögðum.

Leitast við að ná til þeirra barna og unglinga sem ekki stunda heilbriggt tómstundarstarf eða teljast til áhættuhóps.

III. HELSTU VERKEFNI



Sinna forvörnum með því að vera jákvæð fyrirmynd, fræða, fjalla um og hafa jákvæð áhrif á börn og unglíngana með hin ýmsu málefni sem tengjast þeirra daglega lífi.

Tekur þátt í skipulagningu, undirbúning og framkvæmd á fjölbreyttu tómsundastarfi í samráði við samstarfsfólk og þátttakendur í starfinu.

Vera aðgengilegur börnum og unglíngum á vinnutíma í félagsmiðstöðinni, leitast við að virkja sem flesta og taka sjálfur fullan þátt í þeim verkefnum og viðburðum sem eru skipulagðir (einnig utan félagsmiðstöðvarinnar).

Sjá til þess að virðing sé borin fyrir húsnæði, hlutum, starfseminni og notendum félagsmiðstöðvarinnar. Tekur þátt í að tryggja að öryggismál og innra eftirlit sé í lagi s.s. með því að vinna eftir hreinlætisáætlun, kynna sér eldvarnamál, framfylgja ákvæðum heilbrigðiseftirlitsins varðandi hreinlæti og umhirðu húsnæðis og búnaðar. Sinna minniháttar viðhaldi húsnæðis, tækja og búnaðar.

Vinnur að upplýsingaflæði til barna, unglínga, foreldra og samstarfsaðila. Tekur þátt í að auglýsa starfsemi félagsmiðstöðvarinnar innan skóla, uppfærir heimasíðu og sinnir öðrum rafrænum samskiptum.

Veita stuðning og aðstoð ef vandamál koma upp og/eða vísa málum áfram til annarra fagaðila í samráði við yfirmann eftir því sem lög og reglur gera ráð fyrir. Virðir trúnað og fer eftir þeim reglum sem gilda um slíkar upplýsingar sbr ráðningasamningur.

Situr starfsmannafundi og sækir fræðslu sem boðið er uppá í símenntunaráætlun. Skrifar í dagbók í lok hverrar vaktar og tekur þátt í gerð ársskýrslu og annarra samantekta um starfsemina.

Tekur þátt í samstarfi við ýmsa aðila, s.s. foreldra, skóla, félagsþjónustu, lögreglu, aðrar félagsmiðstöðvar og frístundaheimili, aðrar stofnanir, félög og samtök sem vinna að málefnum barna og unglínga.

Tekur þátt í samstarfsverkefnum, s.s. við skóla, milli annarra félagsmiðstöðva ÍTH eða á vegum Samfés.

Önnur þau störf sem starfsmanni kunna að vera falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfsviðs hans.

IV. ÖNNUR VERKEFNI

V. KRÖFUR UM MENNTUN OG / EÐA REYNSLU / HÆFNI

Stúdentspróf. Reynsla af starfi með börnum og unglíngum. Stundvísi, skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í félagsmiðstöðvastarfi. Almenn tölvukunnátta. Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur.

VI. SAMSKIPTI



Dagleg samskipti við börn og unglunga, verkefnastóra og samstarfsfólk. Sjaldnar við starfsfólk skóla sem félagsmiðstöðin þjónar, s.s. námsráðgjafa, kennara, húsvörð, skólastjórnendur, starfsfólk annarra félagsmiðstöðva og frístundaheimila, yfirmenn á skrifstofu tómsundamála, foreldra barna og unglunga og aðra samtarfsaðila.

VII. MANNAFORRÁÐ

VIII. ÁBYRGÐ

Ber ábyrgð á skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd á fjölbreyttu tómsundastarfi í samráði við samstarfsfólk og þátttakendur í starfinu.

Ber ábyrgð á öryggi og vellíðan barna og unglunga í félagsmiðstöðinni.

Starfsmaður skal kynna sér starfsmannahandbók og viðbragðsáætlanir.

IX. STEFNUMÓTUN OG / EÐA NEFNDARSETA

DAGSETNING: 06.11.2013

STARFSLÝSING TEKUR GILDI:

SAMBÝKKT STARFSMANN:

SAMBÝKKT YFIRMANN:

Fylgiskjal 5 Starfslýsing tómsundaleiðbeinenda í frístundaheimili



STARFSLÝSING

I. GRUNNUPPLÝSINGAR

SVEITARFÉLAG:	Hafnarfjarðarbær
STARFSHEITI:	Tómstundaleiðbeinandi
ÍSTARFSNÚMER:	
DEILD / SVIÐ / STOFNUN:	Frístundaheimili
STARFSMAÐUR:	
STARFSHLUTFALL:	20-75%
STÉTTARFÉLAG:	Starfsmannafélag Hafnarfjarðarbæjar
YFIRMAÐUR/STARFSMANNASTJÓRI:	Æskulýðs- og forvarnarfulltrúi
SÍMI:	585 5500
NETFANG:	geir@hafnarfjordur.is

II. TILGANGUR / MARKMIÐ STARFSINS

Að gefa börnum tækifæri til að stunda skapandi og þroskandi félagsstarf í heilbrigðu umhverfi á jafnréttisgrundvelli.
Skapa vettvang þar sem börn fá tækifæri til að efla sjálfstraust sitt og félagsfærni með því að sýna frumkvæði, axla ábyrgð og sýna sjálfstæði í vinnubrögðum.
Skipuleggja og móta fjölbreytta dagskrá í samstarfi við börn sem tekur mið af áhugamálum þeirra hverju sinni.
Leitast við að skapa andrúmsloft sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, jákvæðum samskiptum og lýðræðislegum vinnubrögðum.
Leitast við að ná til þeirra barna sem ekki stunda heilbriggt tómstundarstarf eða teljast til áhættuhóps.

III. HELSTU VERKEFNI



Vera jákvæð fyrirmynd, fræða, fjalla um og hafa jákvæð áhrif á börnin um hin ýmsu málefni sem tengjast þeirra daglega lífi.

Tekur þátt í skipulagningu, undirbúning og framkvæmd á fjölbreyttu tómstundastarfi, s.s. hópastarfi, vali og klúbbum, í samráði við samstarfsfólk og þátttakendur í starfinu.

Vera aðgengilegur börnum og unglingum á vinnutíma í frístundaheimilinu, leitast við að virkja sem flesta óháð getu eða þroska í fjölbreytt verkefni og taka fullan þátt í þeim verkefnum og viðburðum sem eru skipulögð.

Sjá til þess að virðing sé borin fyrir húsnæði, hlutum, starfseminni og notendum frístundaheimilisins. Tekur þátt í að tryggja að öryggismál og innra eftirlit sé í lagi s.s. með því að vinna eftir hreinlætisáætlun, kynna sér eldvarnamál, framfylgja ákvæðum heilbrigðiseftirlitsins varðandi hreinlæti og umhirðu húsnæðis og búnaðar. Sinna minniháttar viðhaldi húsnæðis, tækja og búnaðar.

Vinnur að upplýsingaflæði til barna, foreldra og samstarfsaðila.

Veita stuðning og aðstoð ef vandamál koma upp og/eða vísa málum áfram til annarra fagaðila í samráði við yfirmann eftir því sem lög og reglur gera ráð fyrir. Virðir trúnað og fer eftir þeim reglum sem gilda um slíkar upplýsingar sbr ráðningasamningur.

Situr starfsmannafundi og sækir fræðslu sem boðið er uppá í símenntunaráætlun.

Taka þátt í samstarfi við ýmsa aðila, s.s. foreldra, skóla, félagsþjónustu, lögreglu, önnur frístundaheimili, aðrar stofnanir, félög og samtök sem vinna að mállefnum barna.

Tekur þátt í samstarfsverkefnum, s.s. við skóla, milli annarra frístundaheimila ÍTH eða landsvísu.

Önnur þau störf sem starfsmanni kunna að vera falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfsviðs hans.

IV. ÖNNUR VERKEFNI

V. KRÖFUR UM MENNTUN OG / EÐA REYNSLU / HÆFNI

Stúdentspróf. Reynsla af starfi með börnum og unglingum. Stundvísi, skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í félagsmiðstöðvastarfi. Almenn tölvukunnátta. Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur.

VI. SAMSKIPTI

Dagleg samskipti við börn, verkefnastóra og samstarfsfólk. Sjaldnar við starfsfólk skóla sem frístundaheimilið þjónar, s.s. námsráðgjafa, kennara, húsvörð, skólastjórnendur, starfsfólk annarra frístundaheimila og félagsmiðstöðva, yfirmenn á skrifstofu tómstundamála, foreldra barna og aðra samstarfsaðila.



VII. MANNAFORRÁÐ

VIII. ÁBYRGÐ

Ber ábyrgð á skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd á fjölbreyttu tómsundastarfi í samráði við samstarfsfólk og þátttakendur í starfinu.

Ber ábyrgð á öryggi og vellíðan barna í frístundaheimilinu.

Starfsmaður skal kynna sér starfsmannahandbók og viðbragðsáætlanir.

IX. STEFNUMÓTUN OG / EÐA NEFNDARSETA

DAGSETNING: 06.11.2013

STARFSLÝSING TEKUR GILDI:

SAMÞYKKT STARFSMANNS:

SAMÞYKKT YFIRMANNS:

Fylgiskjal 6 Starfslýsing stuðningsfulltrúa á frístundaheimili

STARFSLÝSING

I. GRUNNUPPLÝSINGAR

SVEITARFÉLAG:	Hafnarfjarðarbær
STARFSHEITI:	Stuðningsfulltrúi
ÍSTARFSNÚMER:	
DEILD / SVIÐ / STOFNUN:	Frístundaheimili
STARFSMAÐUR:	
STARFSHLUTFALL:	20-75%
STÉTTARFÉLAG:	Starfsmannafélag Hafnarfjarðarbæjar
YFIRMAÐUR/STARFSMANNASTJÓRI:	Æskulýðs- og forvarnarfulltrúi
SÍMI:	585 5500
NETFANG:	geir@hafnarfjordur.is

II. TILGANGUR / MARKMIÐ STARFSINS

Að gefa börnum tækifæri til að stunda skapandi og þroskandi félagsstarf í heilbrigðu umhverfi á jafnréttisgrundvelli.
Skapa vettvang þar sem börn fá tækifæri til að efla sjálfstraust sitt og félagsfærni með því að sýna frumkvæði, axla ábyrgð og sýna sjálfstæði í vinnubrögðum.
Skipuleggja og móta fjölbreytta dagskrá í samstarfi við börn sem tekur mið af áhugamálum þeirra hverju sinni.
Leitast við að skapa andrúmsloft sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, jákvæðum samskiptum og lýðræðislegum vinnubrögðum.
Leitast við að ná til þeirra barna sem ekki stunda heilbriggt tómstundarstarf eða teljast til áhættuhóps.

III. HELSTU VERKEFNI

Vera jákvæð fyrirmynd, fræða, fjalla um og hafa jákvæð áhrif á börnin um hin ýmsu málefni sem tengjast þeirra daglega lífi.

Tekur þátt í skipulagningu, undirbúning og framkvæmd á fjölbreyttu tómsundastarfi, s.s. hópastarfi, vali og klúbbum, í samráði við samstarfsfólk og þátttakendur í starfinu.

Vera aðgengilegur börnum og unglíngum á vinnutíma í frístundaheimilinu, leitast við að virkja sem flesta óháð getu eða þroska í fjölbreytt verkefni og taka fullan þátt í þeim verkefnum og viðburðum sem eru skipulögð.

Aðstoðar barnið/börnin við að klæðast, matast og aðrar athafnir eftir því sem við á.

Leitast við að styðja barnið/börnin í félagslegum samskiptum í starfi frístundaheimilisins.

Fylgir barninu/börnunum eftir í öllu starfi og aðstoðar eftir þörfum.

Situr foreldrafundi og aðra fagfundi eftir því sem við á.

Sjá til þess að virðing sé borin fyrir húsnæði, hlutum, starfsemi og notendum frístundaheimilisins. Tekur þátt í að tryggja að öryggismál og innra eftirlit sé í lagi s.s. með því að vinna eftir hreinlætisáætlun, kynna sér eldvarnamál, framfylgja ákvæðum heilbrigðiseftirlitsins varðandi hreinlæti og umhirðu húsnæðis og búnaðar. Sinna minniháttar viðhaldi húsnæðis, tækja og búnaðar.

Vinnur að upplýsingaflæði til barna, foreldra og samstarfsaðila.

Veita stuðning og aðstoð ef vandamál koma upp og/eða vísa málum áfram til annarra fagaðila í samráði við yfirmann eftir því sem lög og reglur gera ráð fyrir. Virðir trúnað og fer eftir þeim reglum sem gilda um slíkar upplýsingar sbr ráðningasamningur.

Situr starfsmannafundi og sækir fræðslu sem boðið er uppá í símenntunaráætlun.

Taka þátt í samstarfi við ýmsa aðila, s.s. foreldra, skóla, félagsþjónustu, lögreglu, önnur frístundaheimili, aðrar stofnanir, félög og samtök sem vinna að málefnum barna.

Tekur þátt í samstarfsverkefnum, s.s. við skóla, milli annarra frístundaheimila ÍTH eða landsvísu.

Önnur þau störf sem starfsmanni kunna að vera falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfsviðs hans.

IV. ÖNNUR VERKEFNI

V. KRÖFUR UM MENNTUN OG / EÐA REYNSLU / HÆFNI

Stúdentspróf. Reynsla af starfi með börnum og unglíngum. Stundvísi, skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í félagsmiðstöðvastarfi. Almenn tölvukunnátta. Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur.

VI. SAMSKIPTI

Tillaga að forni fyrir starfslýsingu þar sem tekið er mið af samræmdu starfsmati. Starfslýsing er ekki tæmandi upptalning á verkefnum í starfi. Starfsmanni ber að sinna þeim verkefnum sem tengjast starfssviðinu og yfirmaður felur honum. Helstu verkefni í starfi eru endurskoðuð í starfsmannasamtali.

Dagleg samskipti við börn, verkefnastóra og samstarfsfólk. Sjaldnar við starfsfólk skóla sem frístundaheimilið þjónar, s.s. námsráðgjafa, kennara, húsvörð, skólastjórnendur, starfsfólk annarra frístundaheimila og félagsmiðstöðva, yfirmenn á skrifstofu tómsundamála, foreldra barna og aðra samtarfsaðila.

VII. MANNAFORRÁÐ

VIII. ÁBYRGÐ

Ber ábyrgð á skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd á fjölbreyttu tómsundastarfi í samráði við samstarfsfólk og þátttakendur í starfinu.

Ber ábyrgð á öryggi og vellíðan barna í frístundaheimilinu.

Starfsmaður skal kynna sér starfsmannahandbók og viðbragðsáætlanir.

IX. STEFNUMÓTUN OG / EÐA NEFNDARSETA

DAGSETNING: 06.11.2013

STARFSLÝSING TEKUR GILDI:

SAMÞYKKT STARFSMANNS:

SAMÞYKKT YFIRMANNNS:

Fylgiskjal 7 Starfslýsing verkefnastjóra tómstundamiðstöðvar

Starfslýsing verkefnastjóra Tómskundamiðstöðvar ÍTH

Gerð er krafa um amk. þriggja ára háskólamenntun (BA gráða) í uppeldisfræðum eða tómsundafræðum (eða sambærilegt).

Verkefnastjóri stýrir daglegu starfi tómsundamiðstöðvar sem er bæði félagsmiðstöð og frístundaheimili.

- Starfsmaður stýrir faglegu starfi tómsundamiðstöðvar, sér um rekstur og innkaup, hefur ekki mannaforráð.
- Stýrir undirbúningi dagskrá í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvar og sjá til þess að hún sé framkvæmd.
- Hefur umsjón með tímaskráningum vegna starfsmanna og senda skrifstofu tómsundamála viðeigandi gögn.
- Tryggir að upplýsingar varðandi starfsemina fara til foreldra, samstarfsaðila og barna í skólahverfinu.
- Sér til þess að allt starf sé í anda fjölskyldustefnu Hafnarfjarðar og starfsskrá ÍTH en þar birtast helstu áherslur og stefna ÍTH.
- Tryggir að öllum öryggisviðmiðum, heilbrigðisviðmiðum, mannelismarkmiðum og starfsreglum sé fylgt á vinnustaðnum.
- Sjá til þess að allt starf sé í anda forvarna.
- Verkefnastjóri sinnir og á samstarf og samvinnu við skólann, foreldra og nemendur auk starfsmanna Fjölskylduþjónustu, félagasamtök, SAMFÉS, birgja, verktaka, ræstingar, fasteignafélag Hafnarfjarðar vegna starfseminnar og rekstur hússins
- Situr í nefndum og starfshópum sem tengjast starfi tómsundamiðstöðvar.

Næsti yfirmaður er verkefnastjóri á skrifstofu ÍTH

Auk þess sinnir verkefnastjóri öðrum verkefnum sem yfirmaður kann að fela viðkomandi